

RÍKIÐ - UPPLÝSTUR KAUPANDI

Tillaga að nýjum áherslum í opinberum
innkaupum

Fyrsti áfangi – mars 2015

*Starfshópur um árangursríkt samstarf ríkis og
einkamarkaðar*

Starfshópur um árangursríka samvinnu ríkis og einkamarkaðar.

- Starfshópur skipaður í maí 2014 til að móta stefnu um árangursríka samvinnu ríkis og einkaaðila með áherslu á innkaupamál.
- Við stefnumótun skal leita leiða til að gera núverandi innkaupaaðferðir markvissari og árangursríkari.
- Auk þess er hópnunum falið að leggja fram tillögur að aukinni hagræðingu við innkaup hjá ríkinu.
- Í fyrsta áfanga lagði hópurinn áherslu á almenn innkaup á vöru og þjónustu með það markmiði að auka hagkvæmni í innkaupum.
- Starfshópurinn ákvað að setja greiningu sína og tillögur fram með einföldum og myndrænum hætti fremur en að vinna hefðbundna skýrslu. Þessi framsetning felur í sér ákveðna einföldun á viðfangsefnum hópsins en ætlunin er að kynna niðurstöður hópsins og útfærslu tillagna eftir því sem líður á framkvæmd verkefnisins.
- Í starfshópnum eru:
 - Jón Björnsson, formaður, Jón Diðrik Jónsson, Jakob V. Finnbogason, Guðrún Ögmundsdóttir og Birna G. Magnadóttir. Með starfshópnum starfar Pétur Berg Matthíasson.



Helstu niðurstöður og tillögur til að auka skilvirkni í opinberum innkaupum.

Helstu niðurstöður vinnu starfshópsins eru að:

- Ríkið hefur takmarkaðar upplýsingar um innkaup sín í mörgum vöruflokkum og litla yfirsýn yfir innkaupsverð og hagræðingartækifæri.
- Núverandi rammisamningsfyrirkomulag veitir ríkinu ekki lægsta mögulega verð.
- Innkaupastefnan hefur verið skrifuð en ekki fyllilega innleidd. Skortur er á verkfærum til að nýta ávinning hennar að fullu við innkaup ríkisins.
- Tækifæri eru til staðar til að ná fram verulegri hagræðingu í innkaupum á vöru og þjónustu með nýjum áherslum.

Tillögur starfshópsins eru:

- Gera þarf langtímaáætlanir í innkaupum og tengja við framkvæmd fjárlaga.
- Ríkið þarf að beita innkaupaaðferðum með markvissari hætti t.d. með sameiginlegum innkaupum, örútboðum og fækkun birgja.
- Bæta þarf upplýsingakerfi svo að ríkið hafi yfirsýn yfir innkaup sín og geti sett sér markmið um hagræðingu.
- Búa þarf til hvatakerfi fyrir stofnanir og birgja/seljendur.
- Mikilvægt að leigugreiðslur endurspegli markaðsleigu á hverjum tíma og að stofnanir hafi hag af því að hagræða í húsnæðismálum sínum.



Efnisyfirlit

1. Innkaup sem mikilvægt stjórnæki
Hvað kaupir ríkið?
2. Hvernig kaupir ríkið rekstrarvörur
og þjónustu?
3. Hvernig leigir ríkið húsnæði?
4. Helstu áskoranir og markmið
5. Tillögur
6. Viðauki

**INNKAUP SEM MIKILVÆGT
STJÓRNTÆKI
HVAÐ KAUPIR RÍKIÐ?**

Innkaup eru mikilvægt stjórnþæki í ríkisrekstri.

- Ríkið á að stuðla að virkri samkeppni á markaði og tryggja hagkvæmni í ríkisrekstrinum.
- Ríkið gegnir lykilhlutverki við mótun rekstrarumhverfis fyrirtækja á almennum markaði.
- Ríkið hefur veruleg áhrif á markaðinn í krafti kaupa á vörum og þjónustu.
- Samskipti ríkis og markaðarins í innkaupamálum þurfa að vera einföld, gagnsæ og byggja á skýrri lagalegri umgjörð.

Skilvirkni

Hagkvæmt verð
Minni kostnaður
Nothæfar lausnir

Sjálfbærni

Gæði
Þroski markaðar
Þróun nýrra lausna
Stuðningur við vöxt

Nýsköpun

Nýta grænar lausnir
Samfélagsleg ábyrgð




Heildarinnkaup ríkisins eru um 142 milljarðar króna á ári.*



*Upplýsingar úr fjárhagsbókhalda ríkisins 2013




Fjölbreytt innkaup - mismunandi aðferðir.



Í fyrsta áfanga hefur hópurinn lagt áherslu á almenn innkaup á vöru og þjónustu með það markmiði að auka hagkvæmni í innkaupum.



Ríkið kaupir vöru og þjónustu fyrir um 88 ma.kr. á ári. Tillögur starfshópsins miða að því að ná fram 2 – 4 ma.kr. hagræðingu í innkaupum á almennri vöru og þjónustu.



Grunnur hefur verið lagður að markvissu innkaupaumhverfi.

- **Skýrt lagalegt umhverfi**
 - Lög um opinber innkaup nr. 84/2007 byggð á tilskipun frá Evrópusambandinu
 - Endurskoðun lagaramma – Haustþing 2015
- **Sérhæfð innkaupastofnun – Ríkiskaup**
 - Umsjón með útboðum fyrir stofnanir
 - Rammasamningar
 - 42 samningar í 17 vöruflokkum
- **Innkaupastefna ríkisins**
 - Áherslur að góðum innkaupaháttum
- **Stefna um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur**
 - Samfélagsleg ábyrgð
- **Siðareglur innkaupastarfsmanna**
 - Viðmið um góða starfshætti fyrir starfsmenn sem annast opinber innkaup

Ríkið hefur ekki náð að nýta sér að fullu þau tæki sem það býr yfir til að ná fram hagkvæmum innkaupum.

Innkaupastefna er til staðar en ekki fyllilega innleidd. Skortur er á verkfærum til að nýta ávinning hennar að fullu við innkaup ríkisins.

Skilgreind markmið

Staðan í dag

- | | |
|------------------------------------|---|
| 1 Bestu kaup | <ul style="list-style-type: none">• Stofnanir eru að kaupa sömu vöru á ólíku verði |
| 2 Ríkið upplýstur kaupandi | <ul style="list-style-type: none">• Ríkið hefur ekki upplýsingar um hvað það kaupir |
| 3 Ábyrgð og gagnsæi | <ul style="list-style-type: none">• Skortur er á eftirfylgni með farið sé eftir samningum• Skortur er á gagnsæi - upplýsingar hvað/af hverjum er keypt |
| 4 Einföldun og skilvirkni | <ul style="list-style-type: none">• Margir seljendur í rammamarkningum. Ekki skýrt loforð um kaup• Innleiðing rafrænna innkaupa hefur tafist |
| 5 Menntun og sérhæfing | <ul style="list-style-type: none">• Markvissari fræðsla fyrir innkaupafólk m.a. á örútböðum• Áherslur of miklar á lagaumhverfi - minni áhersla á hagkvæmni |
| 6 Efling samkeppnismarkaðar | <ul style="list-style-type: none">• Skortir skýrt loforð um kaup - hvati til að fara í virðiskeðjuna• Skortur er á upplýsingum um fyrirhuguð kaup |

**HVERNIG KAUPIR RÍKIÐ
REKSTRARVÖRUR OG
ÞJÓNUSTU?**

Hvernig veit ríkið hvað það kaupir?

- Starfshópurinn gerði ráð fyrir að hægt væri að nota greiningar á innkaupum ríkisins við stefnumótunina. Slík gögn eru ekki auðsótt.
- Til þess að nálgast upplýsingarnar þurfti að óska eftir gögnum frá:

Seljendum



- Pappír
- Skrifstofuhúsgögn

Kaupendum



- Tölvubúnaður

Engar upplýsingar fengust



- Flugfargjöld
- Bílaleigur
- Hugbúnaður

Upplýsingar um innkaup ekki til staðar.

Engin kerfi

- Verkferlar og upplýsingakerfi ekki uppsett á þann veg að hægt væri að sækja innkaupa-upplýsingarnar.


Spyrja seljendur

- Hafa samband við seljendur og spyrja - hvað er ríkið að kaupa af þér?

Spyrja 200 stofnanir


- Nauðsynlegt að hafa beint samband við einstakar stofnanir og óska eftir því að þær flettu þessum upplýsingum upp.

Til þess að ríkið fái upplýsingar um innkaup sín í tilteknum vöruflokki þarf að hafa samband við öll ráðuneyti og stofnanir - alls 200 aðila



Stofnanir ráðstafa mismiklum fjármunum til kaupa á sömu aðföngum. Engin viðmið eru til staðar um hvað teljist eðlileg útgjöld. Þá er enginn aðili ábyrgur fyrir því að greina upplýsingar og benda stofnunum á tækifæri til hagræðingar.


- Með því að skoða útgjöld framhaldsskóla til innkaupa á pappír kom í ljós að það var næstum tuttugufaldur munur á þeim fjármunum sem þeir ráðstafa til pappírskaupa á hvern nemanda.
- Ef allar stofnanir miðuðu útgjöld sín við útgjöld meðalstofnunar í úrtakinu væri mögulegur sparnaður á þessum kostnaðarlið um 60%.



Núverandi rammisamningsfyrirkomulag tryggir ríkisstofnunum ekki alltaf lægsta verð við kaup á vörum og þjónustu.

- Rammisamningar tilgreina ekki hvaða tilteknu vöru/þjónustu skal kaupa - einungis við hvaða birgja skal skipta.
- Afsláttarkjör eru oftast tiltekin prósentu og þarf ekki endurspegla lægsta verð.
- Möguleikar á örútbodum innan núverandi rammisamninga eru ekki nægilega nýttur kostur.

Algengasta innkaupsverð á fartölvu fyrir skrifstofustarfsmann hjá 9 stofnunum árið 2014




Samtals keyptu þessar átta stofnanir 65 fartölvur á árinu 2014.

Ef allar stofnanirnar hefðu keypt á lægsta verði hefði heildarkostnaður lækkað um 25%.


Ekkert viðmið um verð né leiðbeiningar um hvaða kröfur skuli gera til vöru og þjónustu.

- Mikið frjálsrcæði við val á vörutegundum svo framarlega sem verslað er við birgja í rammamningi.
- Allar stofnanirnar í úrtakinu uppfylla kröfur sem gerðar eru til þeirra og kaupa innan skilyrða í rammamninga.
- Athugun leiðir í ljós 113% mismun á innkaupaverði stofnana á pappír hjá sama birgja.

Innkaupsverð á öllum pappír 2013 hjá tilteknum birgja árið 2013



Innkaupsverð á mismunand tegund af stólum hjá sama birgja árið 2013




Hér er ekki um að ræða samanburð á sömu vöru. Dæmunum er ætlað að sýna hvað ríkið kaupir vörur á breiðu bili innan rammamnings.


Sama vara er seld á mismunandi verði hjá sama birgja innan rammisamnings. Magn og verð fer ekki alltaf saman.

- Stofnun sem keypti 20 stóla af tegund X fékk hagstæðara verð en stofnun sem keypti 60 stóla af sömu tegund hjá sama birgja.
- Verðmunur á sömu tegund af pappír á milli stofnana er 97%.

Innkaupsverð skrifborðsstóla af teg. X
magn og einingaverð 10 stofnana hjá sama
birgja.



Innkaupsverð á sömu tegund af pappír hjá sama
birgja árið 2013.



Sameiginleg innkaup á tölvubúnaði geta sparað rúmlega 170 m.kr. árlega


- Skv. greiningu Capacent er 26% tölvubúnaðar ríkisstarfsmanna frá árinu 2010 eða eldri.
- Áætluð endurnýjunarþörf er um 20-25% á ári.
- Miðað við óbreytt ástand má gera ráð fyrir að endurnýja þurfi árlega um 3000 borðtölvur og 1000 fartölvur.
- Miðað við lægsta verð í stað dreifðs verðbils í úrtakinu sem getið var hér að framan gæti árlegur sparnaður numið rúmlega 170 m.kr.

Áætlaður fjöldi far- og borðtölva hjá ríkinu m.v. stöðugildi

Búnaður	Áætlaður fjöldi útstöðva án LSH	Áætlaður fjöldi útstöðva með LSH
Borðtölvur	12326	16185
Fartölvur	3944	5179
Spjaldtölvur/annað	164	216
Samtals	16434	21580

Heimild: „Greining á upplýsingakerfum og nytjaleyfum hugbúnaðar hjá ríkinu.“ Capacent, 2015.

Aldur tölvubúnaður starfsmanna og hlutfall af heild hjá 12 stofnunum



Þar sem hægt var að nálgast upplýsingar um innkaup stofnana kemur í ljós að árangur þeirra er mjög misjafn en dæmi eru um að stofnanir séu að ná ágætis árangri.

- 1 Stofnanir kaupa ekki alltaf inn með hagkvæmustum hætti þrátt fyrir að fylgja settum reglum.
- 2 Stofnanir kaupa sömu vöru á mismunandi verði innan rammsamninga.
- 3 Stofnanir ráðstafa mismiklum fjármunum til kaupa á sömu aðföngum.
- 4 Enginn er ábyrgur fyrir því að kanna viðmið fyrir það hvað skal kaupa og benda á tækifæri til hagstæðari innkaupa.
- 5 Rammasamningar tryggja ekki lægsta mögulega verð heldur ákveðin afsláttarkjör. Kveða ekki á um hvað skal kaupa. Nýrri samningar eru með ákvæði um örútböð sem kaupendur nýta ekki að fullu.
- 6 Engin hvati fyrir birgja til að fara í virðiskeðjuna og bjóða betra verð. Margir seljendur eru í rammasamningi og engin skuldbinding er um kaup né áætlun um hversu mikið magn verður keypt af birgjum.

Ljóst er að tækifæri eru til staðar að auka hagkvæmni með samræmdum innkaupum, viðmiðum og bættu innkaupaferli.

Tækifæri til að gera betur með því að:

1. Staðla innkaup
2. Gera innkaupaáætlanir
3. Setja viðmið
4. Fækka vörutegundum í ákveðnum flokkum
5. Fækka birgjum ef kostur er
6. Fara í sameiginleg örútboð
7. Auka skuldbindingar


**HVERNIG LEIGIR RÍKIÐ
HÚSNÆÐI?**

Húsnæðiskostnaður stofnana er ekki gagnsær. Mikill munur er á leiguverði eftir því hvort stofnanir eru í húsnæði í eigu ríkisins eða húsnæði sem leigt er á almennum markaði.


- Heildarleigukostnaður ríkisins er um 9 ma.kr. á ári.
- Ríkið hefur til umráða rúmlega 141 þúsund fermetra af skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.
- Meðalleiga á skrifstofuhúsnæði á markaði er 2066 kr. per fermetur en meðalleiguverð stofnana sem eru í ríkishúsnæði er 830 kr. per fermetur.

Hlutfall fermetra sem ríkið er með til umráða á skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu eftir eignarfyrirkomulagi

■ Eigið húsnæði
■ Leiguhúsnæði




Leiguverð per. m² húsnæði í eigu ríkisins vs. leiguhúsnæði




Mikilvægt er að stofnanir hafi hag af því að hagræða í húsnæðismálum sínum.

- Stofnanir í sambærilegri starfsemi hafa mismikið af fermetrum til ráðstöfunar á hvern starfsmann.
- Alþjóðleg viðmið gera ráð fyrir 16 m² per stöðugildi en hámarksviðmið ríkisins er 23 m².
- Stofnanir eins tiltekins ráðuneytis hafa til umræða 19 til 60 m² fyrir hvert stöðugildi.

Nýting fermetra af skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu
23 stofnana, m² per stöðugildi.




Fermetrafjöldi 8 stofnana m² per stöðugildi




Mikilvægt að leigugreiðslur endurspegli markaðsleigu á hverjum tíma og að stofnanir hafi hag af því að hagræða í húsnæðismálum sínum.

- Ríkið greiðir 1.722 m.kr. fyrir leigu á 66 þúsund fermetrum af skrifstofuhúsnæði á almenna markaðnum á höfuðborgarsvæðinu en reiknuð leiga á ríkishúsnæði er 739 m.kr. fyrir 74 þúsund fermetra á sama svæði.
- Mikilvægt er að auka gagnsæi í rekstri stofnana og að þær greiði allar markaðsleigu.
- Ef allar stofnanirnar í úrtakinu greiddu markaðsleigu og næðu fram 10% hagræðingu í rýmisnotkun næmi árlegur sparnaður ríkissjóðs um 300 m.kr.

Heildarleigugreiðslur og fermetrarfjöldi, skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu



Leigugreiðslur per m² á mánuði hjá 6 ríkisstofnunum



**HELSTU ÁSKORANIR OG
MARKMIÐ**

Miklar áskoranir í opinberum innkaupum: Af hverju er þörf á kerfis- og skipulagsbreytingum?

Þörf fyrir kerfis- og skipulagsbreytingar

Áskoranir / vandi

- ✓ Ábyrgð er of dreifð - allar stofnanir bera ábyrgð á sínum innkaupum. Ríkið með 190 innkaupastj.
- ✓ Skortur er á aga og reglum er ekki fylgt
- ✓ Valdheimildir eru takmarkaðar og eftirfylgni ábótavant

- ✓ Skortur er á yfirsýn – hvað kaupir ríkið?
- ✓ Ekki haldið utan um innkaup ríkis í einu kerfi
- ✓ Kostnaður við innkaup er ekki sýnilegur
- ✓ Engar mælingar

- ✓ Engar áætlanir um innkaup
- ✓ Forgangsröðun er ekki til staðar
- ✓ Stöðlun og viðmið eru ekki til staðar
- ✓ Ávinningur sameiginlegra innkaupa er ekki skýr

- ✓ Samið er um ákveðin afsláttarkjör við birgja
- ✓ Birgjum er ekki lofað tilteknum innkaupum
- ✓ Virðisþjónustan er ekki nýtt

Lausn

Skýra ábyrgð

Bæta utanumhald

Áætlanir og forgangsröðun

Skuldbinding

Verkefni

- ✓ Fækka innkaupastjórum
- ✓ Skýrari valdheimildir
- ✓ Markviss eftirfylgni

- ✓ Þróa upplýsingakerfi
- ✓ Vefverslun
- ✓ Samningsstjórnun

- ✓ Langtímaáætlanir
- ✓ Hagkvæmni stærðar
- ✓ Skilgreina viðmið og staðla - Hvatakerfi

- ✓ Markvissari notkun innkaupaverkfæra
- ✓ Fækka birgjum
- ✓ Upplýsa seljendur um fyrirhuguð kaup

TILLÖGUR

Meginmarkmið í innkaupum ríkisins: Ríkið kaupir góða vöru á hagstæðu verði.

Sett markmið nást með:

1. **Skuldbindingu**

- Allar stofnanir ríkisins eru skyldugar til að nýta innkaupasamninga. Birgjar viti að með því að vera í rammamarkmiðum fái þeir viðskipti.

2. **Samhæfingu**

- Sameiginleg innkaup til færri birgja í hverjum vöruflokki og örútboð.

3. **Stöðlun**

- Vel skilgreindar þarfir, óþarfi að hafa aðgang að öllum tegundum sem eru í boði.

4. **Eftirfylgni**

- Öflug eftirfylgni m.a. með mælingum á frammistöðu.



Fjórar tillögur til að ná settu markmiði um aukna skilvirkni í opinberum innkaupum.

Áætlanir

- Allar stofnanir geri innkaupaáætlanir 12-36 mánuði fram í tímann.
- Ríkið miðli upplýsingum til markaðarins um innkaup á næstu misserum tímanlega. Með því er hægt að ná til allrar virðiskeðjunnar.
- Lagt er til að við innleiðingu á nýjum lögum um opinber fjármál verði gerð innkaupaáætlana hluti af stefnumótun og áætlunargerð stofnana.

Sameiginleg innkaup

- Allar stofnanir verði aðilar að rammasamningum - sameiginleg örútbóð.
- Sameiginleg innkaup stofnanna (almennar vörur).
- Sameiginleg innkaup stofnana undir sama ráðuneyti (sértækar vörur).
- Þróuð verði viðmunaðarverð fyrir helstu vörutegundir og slaðlar valdir fyrir helstu vörutegundir.

Samningsstjórnun

- Ráðuneyti og miðlæg innkaupastofnun haldi utan um gerða samninga og tryggi að meginmarkmið samninga ná í gegn.
- Stofnanir skili skýrslum ársfjórðungslega um helstu innkaup og upplýsingakerfi ríkisins styðji við þá kröfu.
- Við innleiðingu á nýjum lögum um opinber fjármála verði hugað að eftirliti með innkaupum stofnana.

Miðlægt innkaupa-kerfi


- Innkaupavefur þróaður.
- Innkaup fara fram í gegnum samninga.
- Öll almenn innkaup á vöru og þjónustu fari í gegnum innkaupavef.
- Skoðaðir verði möguleikar á framkvæmd útboða og örútbóða á vefnum.

1. Áætlanir.

Allar ríkisstofnanir geri innkaupaáætlanir samhliða fjárlagaferlinu 2016 fyrir árið 2017.

Lagt er til að við innleiðingu á nýjum lögum um opinber fjármál verði gerð innkaupaáætlana hluti af stefnumótun og áætlunargerð stofnana.

Lagt er til að innkaupaáætlun verði hluti af þriggja ára áætlunum stofnana.



2. Sameiginleg innkaup.

Fyrstu skref að sameiginlegum innkaupum tekin strax í ár.

Viðmið

- Þróuð verði viðmiðunarverð fyrir helstu vörutegundir sem taki mið af staðli vörunnar.
- Fjárhagsáætlanir stofnana taki mið af viðmiðum.

Stöðlun

- Staðlar verði valdir fyrir helstu vörutegundir.
- Mismunandi flokkar innan sömu vörutegundar.

Ramma- samningar

- Rammamningar með mörgum seljendum - tíð örútböð.
- Rammamningar með fáum seljendum - styttri samningstími.

Örútböð

- Sameiginleg örútböð framkvæmd innan nógildandi rammamninga 3-4 sinnum á ári í tilteknum vöruflokkum.




3. Samningsstjórnun.

Virk samningsstjórnun og eftirlit með því sem ríkið kaupir.

Lagt er til að við innleiðingu á nýjum lögum um opinber fjármál verði hugað að eftirliti með innkaupum stofnana

Lagt er til að stofnanir upplýsi um innkaup sín ársfjórðungslega og að hugað verði að innkaupaþáttum við mat á árangri í rekstri stofnana




4. Miðlægt innkaupakerfi.

Nauðsynlegt að skref verði tekin í átt að rafrænum innkaupum í gegnum vefverslun.


Þróa þarf innkaupavef þar sem kaup stofnana á vöru og þjónustu fara fram. Þar verða upplýsingar um seljendur og þá samninga sem eru í gildi. Jafnframt verður hægt að framkvæma útboð og örútbóð í gegnum vefinn.

Vefur heldur utan um upplýsingar um kaup á vöru og þjónustu og verður nýttur til að sinna eftirliti með framkvæmd innkaupa.

Núverandi fyrirkomulag



Innkaup í gegnum samninga



Hvað þarf að gera til að ná árangri - Framkvæmd verkefnis.

Umboð
framkvæmda-
aðila skýrt

- 1 Tryggja sterkan framkvæmdaraðila**
 - Setja á laggirnar verkefnastjórn sem er ábyrg fyrir innleiðingu.
 - Skili kostnaðaráætlun og ítarlegri verkáætlun innan 4 vikna frá skipun.
- 2 Verkefnisstjórn fái skýrt umboð ríkisstjórnar til að ná fram skipulagsbreytingum þvert á ráðuneyti og stofnanir**

Vandaðan
undirbúning
og sýna
ávinning strax

- 3 Verkefnisstjórn skipi vinnuhópa til að vinna að afmörkuðum þáttum verkáætlunar**
 - Til að ná árangri þarf reynslumikla aðila við stjórnun.
 - Tryggja stuðning stofnana við verkefnið.
- 4 Sýnilegur ávinningur innkaupa: Fyrsti áfangi**
 - Langtímaáætlanir, örútboð og sameiginleg útboð strax.
 - Fara inn á nýja vöruflokka og endursemja fyrri útboð.
 - Efla innkaupaþekkingu stofnana.

Byggja á
árangri

- 5 Nýtt vinnulag við innkaup ríkisins: Annar áfangi**
 - Vefverslun.
 - Staðlar og viðmið – hvatakerfi.
 - Samningsstjórnun.
 - Virðisaukandi eftirfylgni//skýrslugjöf ráðuneyta og stofnana.

Nýskipan í innkaupum kallar á breytingar og fjárfestingu í mannauði og hugbúnaði: Næstu skref.

Skipulag og ferlar

- Endurskilgreina hlutverk og ábyrgð opinberra aðila sem koma að innkaupum. Skoða starfsemi Ríkiskaupa m.t.t. til stjórnunar og áherslna.
- Þróa ferla milli miðlægrar innkaupastofnunar og innkaupadeilda stofnana og milli ráðuneyta og innkaupastofnunar.

Upplýsingakerfi

- Fjárfesta þarf í hugbúnaði fyrir innkaup ríkisins.
- Tryggja þarf að upplýsingatæknibúnaður hafi getu til að standa undir nýju skipulagi s.s. varðandi yfirlit yfir innkaup og áætlunargerð.
- Greina nánar samspil við frumvarp um opinber fjármál.

Miðlægur innkaupavefur

- Framkvæma fýsileikakönnun fyrir miðlægan innkaupavef.
- Hefja þarf vinnu við þróun miðlægs innkaupavefjar.
- Gera prófanir á miðlægum innkaupavef – reynsluverkefni.

Samskipti og þekking

- Efla þarf innkaupaþekkingu meðal starfsfólks stofnana.
- Fræðsla um breytingar á skipulagi meðal seljenda.
- Kenna þarf á miðlægan innkaupavef, bæði kaupendum og seljendum.

Breytingar á innkaupatækjum

- Þróa aðferðir við samningsstjórnun.
- Endurskoða formreglur við rammameninga.
- Móta staðla og viðmið - forsendur hvatakerfis.
- Setja skýr viðmið fyrir notkun örútboða.


Skref fyrir skref, í átt að skilvirkum innkaupum

		2015	2016	2017
Sameiginleg innkaup	Sameiginleg örútböð innan núverandi rammsamninga	■	■	
	Sameiginleg útböð/rammasamningar - færri birgjar, styttri samningar		■	■
	Tilraunaverkefni sameiginleg útböð í upplýsingatækni	■		
	Verðviðmið skilgreind		■	■
	Staðlar skilgreindir		■	■
Áætlanir	Stofnanir skili inn innkaupaáætlunum		■	■
	Ársfjórðungslegt yfirlit um innkaup stofnana		■	■
Samnings- stjórnun	Vefverslun, Fýsileikakönnun og undirbúningur Stofnanir versla í gegnum rafræn innkaupakerfi	■		■
	Öflug samningsstjórnun		■	■

**VIÐAUKI
DÆMI UM ÁVINNING AF
SAMEIGINLEGUM
INNKAUPUM**

Danir hafa einnig náð miklum árangri með breyttum áherslum

- Danska ríkið endurskoðaði fyrirkomulag innkaupa árið 2007
- Innkaupaeining í fjármálaráðuneytinu
- Skýr heimild til að fylgja eftir nýrri stefnu
- Áður innkaupastofnun SKI – óskuldbindandi rammameningar
- Nýjar áherslur:
 - sameiginleg innkaup
 - stöðluð innkaup
 - skuldbindandi innkaup.
- **Markmið: 10% sparnaður í sameiginlegum innkaupum.**



Reynsla Reykjavíkurborgar sýnir að hægt er að auka hagkvæmni með sameiginlegum innkaupum

Sameiginleg innkaup hjá Reykjavíkurborg

- Tilraunaverkefni um sameiginleg matarinnkaup grunnskóla innan hverfis
- Tvö hverfi - 10 örútboð á 3 mánaða tímabili.
- Samið við birgja um innkaup til 6 vikna í senn.
- Reynslan sýnir 8% lægra verð en lægsta verð var hjá viðkomandi birgja fyrir breytingu

Ávinningur 8% sparnaður að lágmarki

- Ljóst að skólar voru ekki alltaf að kaupa á lægsta verði fyrir breytingu og því er lágmarksávinningur þeirra af breyttu fyrirkomulagi 8%.

Miðlæg innkaupastýring LSH skila ávinningi. 44 innkaupaverkefni hafa skilað 600 m.kr. í sparnað.

- Lyf - 7 innkaupaverkefni:
 - Heildarlyfjakaup LSH á árinu 2014: 7,6 mi.kr.
 - Árlegur ávinningur af innkaupaverkefnum: 324 m.kr.
 - 4,3% ávinningur miðað við lyfjakaup ársins.
- Vörur - 37 innkaupaverkefni:
 - Heildarvörukaup LSH á árinu 2014: 7 mi.kr.
 - Árlegur ávinningur af innkaupaverkefnum: 282 m.kr.
 - 4,0% ávinningur miðað við vörukaup ársins

Samtals ávinningur vegna innkaupaverkefna: 606 m.kr.

Aukinn ávinningur – Reynsla Ríkiskaupa – Örutboð innan rammamarknaðar

Ávinningur af örútbóðum innan rammamarknaðar – stök verk

- RS Hýsing og þjónusta - Sveitarfélag lækkar hýsingarkostnað upplýsingakerfa um 50%
- RS Ökutæki - Fyrsta örútbóð lögreglunar á bifreiðum innan samningsins, afsláttur af kaupverði fór úr 6% í 11%
- Rammamarknaður FSR um búnaðarkaup fyrir hvíldar og dvalarheimili lækkun á tilboðum um 35-40%
- RS Raforka - Stór ríkisstofnun fær eftir örútbóð 30% afslátt af texta fyrir almenna notkun á rafmagni hjá orkusalanum

Aukinn ávinningur – Reynsla Ríkiskaupa – Örútbóð innan rammamarknaðar

Ávinningur af örútbóðum innan rammamarknaðar – stök verk

- RS Umhverfis-, skipulags- og byggingafræðingar
- Hönnun á hreinsistöð - Kostnaðaráætlun 16 millj. - Tilboð 6,9 millj.
Ávinningur 9,1 milljón
- RS Umhverfis-, skipulags- og byggingafræðingar - Verkfræðihönnun -
Kostnaðaráætlun 39,7 milljónir – Hagstæðasta tilboð 17,1 milljónir
Ávinningur 22,6 milljónir
- RS Þjónusta endurskoðenda - Endurskoðun eins sveitarfélags:
Lægsta tilboð 2,6 milljónir vs hæsta tilboð 4,4 milljónir

Aukinn ávinningur – Reynolds Ríkiskaupa - Sameiginleg innkaup stofnana

Sameiginlegt örútbóð 9 ríkisaðila á fjarskipta- og símaþjónustu

- Heildarviðskiptin m.v. óbreytt fyrirkomulag hefðu verið um 83,5 milljónir á ársgrundvelli
Eftir örútbóð fór kostnaðurinn í um 61 milljónir á ársgrundvelli
Ávinningur um 22,5 m.kr. á ársgrundvelli eða 27%.